

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 5. nóvember 2020
UST202008-230/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn – Sveitarfélagið Ölfuss - Viðbótarumsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna leiðréttrar og uppfærðar tillögu að deiliskipulagi fyrir allt að 20.000 tonna fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn. Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi dags. 9. október sl.

Í eldri greinargerð dags. 29. maí 2020 kemur fram að neikvæð áhrif verða á jarðmyndanir þar sem hraun er einkennandi fyrir svæðið og nýtur verndar, skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og veldur framkvæmdin óafturkræfu raski á hrauninu. Samkvæmt sveitarfélaginu er þetta ekki rétt og er því hefur það verið leiðrétt í nýrri greinargerð dags. 16. október 2020.


Í leiðréttri greinargerð dags. 16. október 2020 kemur fram að hraunið er einsleitt og flatt á framkvæmdasvæðinu og í nágrenni þess og án sérstæðra fyrirbæra svo sem gervígga eða hella og framkvæmdin mun ekki hafa veruleg áhrif á jarðmyndanir. Auk þess kemur fram að tillagan muni hafa óveruleg áhrif á hraunið, sem er talsvert sandorpið og hefur því að mörgu leiti tapað verndargildi, skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við þessa leiðréttingu sveitarfélagsins. Umsögn um aðra þætti gildir þó enn.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur